




LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

7. árg. 1998 1. töl.



He lsustafurinn

Í uppfóstri hjá alaskalúpínu

Skógræktarfélag Kópavogs fær stórgjöf



FLÓRUVINIR

- Þekkir þú allvel hluta af íslensku plöntunum?
- Hefur þú brennandi áhuga á að læra að þekkja meira af íslenskum plöntum en þú þekkir í dag?
- Veist þú um fundarstaði nokkurra fremur fágætra plantna?
- Vilt þú stuðla að verndun íslensku flórunnar?
- Ert þú reiðubúin(n) að hjálpa til við að afla sem bestar þekkingar á íslenskum plöntum og hvar þær vaxa?

Eitt af hlutverkum Náttúrufræðistofnunar Íslands er að afla vitneskju um íslenskar plöntur, kortleggja dreifingu þeirra um landið og miðla þekkingu um þær. Töluverðar upplýsingar eru til um allar villtar plöntur í landinu. En Ísland er stórt og kröfur fara ört vaxandi um meiri þekkingu. Samtök áhugamanna geta gegnt lykilhlutverki í að safna upplýsingum. Því höfum við á Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetri, komið á fót áhugamannaneti íslensku flórunnar um allt land. Félagið hefur fengið

LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands. 7. árgangur. 1 tölublað, vor 1998

Skógræktarfélag Íslands er samband skógræktarféлага, sem byggja á starfi sjálfbodaliða. Það er málssvari félaganna og hefur m.a. að markmiði að stuðla að trjá- og skógrækt, gróðurvernd og landgræðslu, auk fræðslu- og leiðbeiningastarfs.

Skógræktarfélögin starfa um allt land og eru 54 talsins með liðlega 7000 félagsmönnum, og mynda þannig ein fjölmennustu frjálsu félagasamtök landsins sem vinna að umhverfismálum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi styður þú gott málefni, auk þess að tengjast lifandi félagsskap þar sem fram fer, fjölbreytt félags- og fræðslustarf.

Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú *Laufblaðið* og *Frækornin* send heim reglulega.



Mynd: JGP (S.Í.)

nafnið Flóruvinir og hafa viðbrögð verið framar vonum.

Fyrirhugað er að halda vettvangsnámskeið í plöntugreiningum og 1. tbl. *Ferblöðungs*, fréttabréfs Flóruvina er komið út. *Ferblöðungur* mun innihalda ýmislegt efni um plöntur og efna til skoðanaskipta meðal lesenda. Ef þú lesandi góður hefur áhuga þá skaltu láta vita af þér með því að senda okkur bréf: Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetur, Pósthólf 180, 602 Akureyri.

Hulda Steingrimsdóttir
Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetur

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18,
101 Reykjavík, sími: 551-8150,
Netfang: skogis.fel@ishofn.is

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri.

Ritstjóri: Jón Geir Pétursson, skógfræðingur.

Netfang: skogis.ipp@isholf.is

Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Forsíðumynd: Hafnarskógur undir Hafnarfjalli. Mynd: B.J.(S.Í.)

Prentvinnsla: PRENTHÖNNUN ehf.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands skipa:

Hulda Valtýsdóttir formaður,
Sveinbjörn Dagfinnsson varaformaður,
Björn Árnason gjaldkeri,
Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari,
Sigríður Jóhannsdóttir, Sædís Guðlaugsdóttir og Vignir Sveinsson meðstjórnendur,
Hólmfríður Finnbogadóttir, Magnús Jóhannesson og Ólafía Jakobsdóttir vararmenn.

Gefið út í 7500 eintökum.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins og óska landsmönnum gleðilegs sumars:

Grímsneshreppur
Hrunamannahreppur
Jarðefnaiðnaður hf
Flúðaplast hf
Gistiheimilið Syðra Langholti
Gunnar Hallgrímsson
Snæberg ehf, bifreiðaverkstæði
Bílaþjónustan Vír
Sláturfélag Suðurlands
Landgræðsla ríkisins
Slökkvilið Reykjavíkur
Búnaðarfélag Holtahrepps
Heildsölubakarið
Bílaleigan Aka
Þrastarhóll ehf
Búnaðarsamband Suðurlands
Fosshótel ehf
Ora - niðursuðuverksmiðja hf
Bókasafn Vopnafjarðarhrepps
Söluskálinn
Ferðaþjónusta bænda Stafafelli
T F búðin
Brúarárskóli
Trésmiðja Guðna Þórarinssonar
Gróðrastöðin Réttarhóll
Langholtsskóli
Raftákn hf
Kartöflusalan Svalbarðseyri hf
Ljósgrjafinn hf
Véla og Stálsmiðjan
Optima
Lækjarskóli
Dragi
Vinnuskóli Reykjavíkur
Vöruflutningamiðstöðin hf
Endurskoðun Deloitte & Touche
Apótek Austurbæjar
Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar
Meistarafélag Húsasmíða
Fjölföldun Þorbergs & Sigurjóns
Blikksmiðja Einarsson ehf
Birta heildverslun
Skógræktarfélag Patreksfjarðar
Sementsverksmiðjan hf
Hársnyrtistofan Nína
Tölvuþjónusta Sonju
Ventusbátastöðin
Trésmiðjan Megin ehf
Véla & bílaþjónusta Kristjáns
Staðarskóli
JBA umboðs og bókhaldsþjónusta
Vélsmiðja Hauks Kjartanssonar
Mjölverksmiðjan hf
Aðalbakari sf.
Véla- og skipaþjónustan Framtak
G H verkstæðið
Loftorka Borgarnesi ehf
Bílaverkstæðið Ella

Skortur á rússalerki- og stafafurufrae

Fræ er undirstaða skógræktar og mikil áhersla er lögð á að til sé í landinu nægilegt fræ af heppilegum uppruna fyrir ræktun hinna ýmsu trjategunda. Það tekst þó því miður ekki alltaf, en eins og allir ættu að vita er ekki sama hver uppruni fræsins sem við notum er.

Skógfræðingar leggja mesta áherslu á erfðafræðileg gæði fræsins, þ.e.a.s. að plönturnar sem upp af fræinu koma vaxi vel og séu vel aðlagðar ríkjandi veðurfari þar sem þær eiga að prýða landslagið um ókomin ár. Uppruni fræsins (kvæmi) er besti mælikvarði á erfðafræðileg gæði. Rekendur gróðrarstöðva leggja áherslu á lífeðlisfræðileg gæði fræs, þ.e.a.s. að það spíri vel og plönturnar vaxi nokkurn veginn jafn hratt.

Þar sem við búum nálægt mörkum þess svæðis þar sem hægt er að rækta skóg öflum við yfirleitt fræs frá svipuðum svæðum. Á þessum slóðum verða veðurfarsþættir til þess að margar trjategundir mynda ekki fræ nema endrum og eins og oft spírar fræið illa og plönturnar vaxa misjafnlega. Við þessi vandamál höfum við einhvern tíma þurft að glíma með flestar ef ekki allar þær trjategundir sem ræktaðar eru á Íslandi. Síðast var t.d. skortur á íslensku birkifræi af ákjósanlegasta kvæminu (Bæjarstaðaskógur) 1995. Stundum stöndum við frammi fyrir spurningu um að nota annað hvort erfðafræðilega gott fræ sem e.t.v. spírar illa eða er illa þroskað og er þar af leiðandi ekki vinsælt meðal gróðrarstöðvarekenda eða fræ sem er lífeðlisfræðilega betra en er af lakara kvæmi. Oftar stöndum við þó frammi fyrir þeirri staðreynd að fræ af ákjósanlegum uppruna er ekki til og við neyðumst til að notast við fræ af lakari kvæmum eða óreyndum.

Þetta er staðan nú með tvær af aðaltegundunum í íslensku skógrækt; lerkir og stafafuru. Rússalerki upprunið í Arkhangelskhéraði í Rússlandi hefur reynst best á Íslandi og höfum við keypt það frá sænskum og finnskum frægörðum undanfarin ár. Nú er þaðan ekkert að fá á almennum markaði, ekkert fræ er til frá sænskum frægörðum og gróðrarstöðin Barri hf. virðist hafa tryggt sér síðasta finnska fræið. Frá Arkhangelskhéraði sjálfu er ekkert að fá heldur, en Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur fengið fræ frá rússneskum frægörði nálægt Pétursborg þar sem trén eiga að vera af Arkhangelsk (Raivola) uppruna. Fyrir það sem upp á vantar erum við að notast við síðasta íslenska fræið frá 1995, sem hefur slaka spírur, rússalerkikvæmið Kostroma, sem er óreynt og frekar suðlægt og þrjú



Íslenskt rússalerkifræ í þurrkun á Tumastöðum

síberiulerkikvæmi frá Altaifjöllum og nágrenni sem eru óreynd. Reynslan af síberiulerki er misjöfn, sum kvæmin eru ágæt en önnur illa aðlöguð.

Það stafafurukvæmi sem hefur reynst best á Suður- og Vesturlandi er frá Skagway í Alaska. Nú er fræ af þeim uppruna ekki fáanlegt, hvorki beint frá Skagway né úr frægörði okkar Íslendinga á Taraldsey í Noregi. Það sem okkur hefur litist næstbest á, Tutshi lake og Bennet Lake sem eru nálægt landamærum Yukon og Bresku Kólumbíu skammt inn til landsins frá Skagway, er einnig af skörum skammti en dugar þó nokkurn veginn fyrir sáninguna í vor.

Svona er ástandið og er viðbúið að ekki geti allir fengið þau kvæmi af lerkir og stafafuru að ári sem ákjósanlegust væru. Ef ekki verður fræar í finnskum og sænskum lerkirfrægörðum 1998 er viðbúið að ástandið versni til muna árið 2000 og það eru því miður talsverðar líkur á að svo fari. Meiri líkur eru á að til verði stafafurufrae í haust, annað hvort frá Skagway eða Taraldsey.

Að sjálfsöguð er ekki allt neikvætt í fræmálum skógræktar á Íslandi. Við erum í nokkuð góðum málum með allar aðrar helstu trjategundirnar og stöðugt er unnið að því að tryggja betur að fræ af heppilegum kvæmum sé til, t.d. með frærækt í gróðurhúsum. Frærækt í gróðurhúsi á íslensku birki er orðin staðreynd (Embla) og lerkirfrærækt er komin vel á veg.

Þróstur Eysteinnsson,
fagmálastjóri
Skógrækt ríkisins



ERT ÞÚ MEÐ HREINA SAMVISKU?



Eins og allir vita er ræktun trjágróðurs árangursrík leið til þess að nema kolefni úr andrúmsloftinu og vega á móti gróðurhúsaáhrifum jarðarinnar. Því er talað fyrir aukinni skógrækt, samhliða því að hvatt er til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið.

Á heimasíðu bandaríska skógræktarfélagins (American Forests), er búið að setja upp skemmtilegt reiknilíkan yfir það hversu mörg tré hver einstaklingur þarf að gróðursetja til að vega upp á móti því sem hann mengar. Með því að fylla í líkanið reiknar það út hversu mörg tré er nauðsynlegt að gróðursetja til að vega upp losunina. Þetta er auðvitað ekki hægt að heimfæra beint yfir á okkar aðstæður, en engu að síður áhugavert að skoða. Á væntanlegri heimasíðu Skógræktarfélags Íslands verður sambærilegt líkan fyrir íslenskar aðstæður. Slóðin á netinu er:

<http://www.amfor.org/climate/amforcalc.html>

Nú er bara að fara inn á slóðina og kanna hversu mörg tré þarf að gróðursetja til að vega upp á móti kolefnislosun hvers og eins.

Frá Skógræktarfélagi Garðabæjar

Félagar eru minntir á gróðursetningarkvöldin í maí og júní. Við komum saman á þriðjudagskvöldum kl. 20.00 í maí og júní í gróðurreit félagsins austan við Vífilstaði. Flestir taka með sér kaffi og ávaxtasafa handa börnunum.



SVEPPIR VALDA USLA Á FURUM Á SNJÓÞUNGUM STÖÐUM

Nú rétt eftir páska barst undirritaðri sýni af deyjandi furum frá Braga Ó. Thoroddsen, formanni Skógræktarfélags Patreksfjarðar. Þetta voru bergfurur sem gróðursettar voru árið 1948 í Drengjaholti, skógarreit, rétt innan við byggðina í Patreksfirði. Bragi sá í fyriravor að fururnar voru byrjaðar að missa barrið, þeim hrakaði eftir því sem á leið og voru nú síðla vetrar að drepast hópum saman. Þetta virtist vera að gerast víðar á svæðinu, t.d. í trjáreit við sjúkrahúsið. Bragi segir landið í Drengjaholti snjóþungt og að snjóflóð hafi farið þar yfir árið 1991 og valdið skemmdum á trjánum en þar að auki væri jarðvegur rýr.

Við smásjárskoðun á svörtum gróhirsllum, sem brotist höfðu út úr neðsta hluta nálanna og út um börk greinanna á milli nálanna, komu í ljós sigðarlaga gró vankynja stigs asksveppsins **Gremmeniella abietina**, en á því stigi kallast sveppurinn **Brunchorstia pinea**. Þessi sveppur er vel þekktur skaðvaldur á barrtrjáum, sérstaklega þar sem trén eru undir einhvers konar álagi sem veikir varnir þeirra. Um þennan svepp má lesa í Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1996, en síðan undirrituð skrifaði þá grein hefur hún fundið sveppinn á kynjuðu stigi sínu á dauðum greinum stafafuru í skógræktarreit við Ísafjörð, þar sem hópur stafafura drapst (Laufblaðið, júl 97). Sá er helstur styrkur gróa, sem eru afkomendur kynjaðrar æxlunar að þau eru oftast endingarbetri og henta betur til dreifingar um lengri veg en gró sama svepps sem fjölgar sér vankynjað. Einnig verður við kynæxlun markviss blöndun erfðaeiginleika þannig að nýjar arfgerðir sveppsins verða til. Gera má ráð fyrir að sum afkvæmin verði því skæðari sniklar en foreldrarnir en að önnur verði atkvæðaminni en þeir.

En sjaldan er ein báran stök, því annar sveppur fannst í dauðum nállum furunnar, asksveppurinn **Cyclaneusma minus** (sem sumir kalla **Naemacyclus minor**) en hann veldur nálafalli hjá furum. Sýkin lýsir sér þannig að grænar nálarnar árgamlar og eldri smitast með askgróum á vaxtartíma furunnar. Verður sýkin fyrst vart er ljósgrænir, gulnandi blettir koma í ljós á



nálunum en þeir verða síðan að brúnum blettum á nálinni sem þá er orðin gul.

Það er eins með þessa sýki og þá fyrri að einkennin koma fyrst og fremst fram þegar trén eru undir álagi af einhverju tagi. Nýju nálarnar smitast fljótlega eftir að þær vaxa á trénu en einkennin koma ekki fram fyrr en eftir 10-15 mánuði er nálarnar gulna, oftast að haustlagi. Askhirlurnar ná síðan fullum þroska á vorin og dreifa þá gróum sínum í röku veðri. Gróin þurfa að lenda á blautri nál til þess að geta spírað og komist inn í hana. Áhrif sýkinnar á geislafurur (**Pinus radiata**) hafa verið rannsökuð á Nýja- Sjálandi og kom í ljós að þegar af tré var orðið sýkt dró mjög úr viðarmyndun. Varnir gegn nálafalli af völdum **Cyclaneusma minus** eru þær helstar að velja trjánum stað þar sem þau eru laus við óparfa álag af völdum vatnsskorts og lélegra vaxtarskilyrða. Einnig í að gróðursetja aðeins ósýktar plöntur og planta þeim fremur dreift og ganga þannig frá að annar gróður haldi ekki plöntunum rökum langtíma saman. Að lokum má geta þess að furur eru almennt mjög háðar sveppróttarsveppum sínum hvað varðar upptöku næringarefna.

Mynd: Cyclaneusma minus (Butin) DiCosmo, Peredo & Minter á bergfuru frá Patreksfirði. Neðri nálin er þverröndótt og sjást askhirlurnar með opnum vængjahurðum í ljósu röndunum. Efri nálin er öll orðin drapplituð og í henni sést niðurgreifinn gróbeður askhirlunnar greinilega. Undir henni á hinni nálinni í buntinu sjást vængjahurðirnar frá hlið. (BÓTh tók sýnið 14.04.1998 og myndina tók GGE 20.04.1998.)

NÝTT SKÓGRÆKTAR- FÉLAG

Skógræktarfélag Álfthaness

Í vor bættist nýtt skógræktarfélag í hópinn, en stofnað var skógræktarfélag á Álfthanesi. Stofnfélagar voru um 30 talsins. Félagið hefur fengið nafnið Skógræktarfélag Álfthaness og er það hér með boðið velkomið í hreyfinguna.

Skógræktarfélagin eru núna 54 talsins og hafa aldrei verið fleiri.

Guðríður Gyða Eyjólfssdóttir
Náttúrufraeðistofnun Íslands, Akureyrarsetur



Stórmerkt skógggræðslu-átak

2.600 ha meðfram Jökulsá á Dal friðaðir fyrir beit.

Náðst hefir samstaða 20 bænda á Jökuldal og í Jökulsárhlíð um að girða af spilduna milli þjóðveggar og Jökulsár. Þetta er 41 km löng ræma frá Kaldá í Hlíð að Hjarðargrund á Dal, alls um 2.600 ha. Vegagerð ríkisins girðir ofan vegarins en Jökulsá er vörnin neðan vegar. Er þá fullnægt þeirri skyldu að girða þjóðveginn af fyrir búfé.

Tilgangurinn er, að skógur og kjarr geti vaxið upp á þessu landi, en einnig er hugmyndin að gróðursetja skóg að einhverju marki, þótt sérstakar áætlanir hafi ekki verið gerðar um það ennþá. Þessari beitarfriðun má líkja við þá, sem á sínum tíma var komið í kring í Yztutungu í Borgarfirði vestra (svipuð landstærð) og á Þórsmerkursvæðinu. Hins vegar er þetta framtak

merkilegra að því leyti, að á öllum þessum jörðum er stundaðar sauðfjárbúskapur, enda eru bæði Jökuldalur og Hlíð hreinræktaðar fjársveitir. Í hinum tilfellum var því ekki til að dreifa. Hér eru því að gerast merk tíðindi.

Á nokkrum þessara jarða er birki- og víðikjarr, jafnvel lágvaxinn skógur sums staðar, eins og á Hallgeirsstöðum og Hvanná. Fullvíst má telja að við friðunina spretti upp birki og víðir á öllu svæðinu með tímanum.

Í Tunguá í Hallgeirsstöðum er all stór skógræktargirðing, sem nú verður hluti af þessari stóru girðingu. Þar hófst ræktun á sitkagreni 1960 og er vaxinn af því myndarlegur skógur. Ennfremur eru yngri, fallegir teigar af rússalerki, alaskaösp og blágreni o.fl. trjátegundum. T.d. eru þar nokkrar fallegar fjallapallir. Þessi reynsla er dýræt og sýnir, hvers má vænta af innfluttum trjátegundum innan hinnar stóru girðingar.



Orri Hrafnkelsson við fallegan loðvíðirunna á ræktunarsvæði sínu í Jökulsárhlíð. (Mynd: J.G.P.)

Formaður Skógræktarfélags Austurlands, Orri Hrafnkelsson, sem reyndar hefir staðið fyrir ræktuninni í Tunguá, á mestan þátt í að koma á samstöðu hinna 20 bænda. En hann hefir líka fengið góðan stuðning margra þeirra til þess að ná þessari merkilegu niðurstöðu.

Formleg lokun girðingarinnar verður liður í 60 ára afmælisfagnaði Skógræktarfélags Austurlands 27. júní nk.

Sigurður Blöndal

fyrirv. skógræktarstjóri, Hallormsstað

GIRÐIR


Þarft þú að girða í sumar?

Kynntu þér nýju íslensku rafgirðingarstaurana frá Hampðjunni. Einstakur vírlásinn og endurunnið plastið gerir Girði varanlega lausn fyrir þig.

Girðir er fáanlegur í eftirfarandi útfærslum.

- G1 Með jarnenda sem hentar föstum og grýttum jarðveg.
- G2 Er allur úr plasti og hentar í mýkri jarðveg.
- G3 Rengla milli staura.
- GH Horn-/afstaur.
- GH2 Aukabúnaður fyrir mýrlendi.

Vistvæn afurð
Íslenskt hugvit



Söluaðilar

Kaupfélögin um land allt • Í Reykjavík MR búðin

ÍSLENSK ÞRÓUNAR- VINNA Í SKÓGRÆKT



Ræktunardúkurinn Hlúplast frá Plastprent hf.

Forsenda vel heppnaðrar ræktunar skjól-
belta og limgerða er að halda illgresi í
skefjum. Þetta þekkir ræktunarfólk, sem um
leið veit hve mikil vinna er fólgin í því að
reita illgresi úr trjábeðum. Því hefur verið
mælt eindregið með því að þekja yfirborð
beðanna samhliða gróðursetningu til þess
að hindra illgresisvöxt. Þannig sparast mikil
vinna við umhirðu, auk þess sem vöxtur og
þrif trjána batna.

Árið 1995 hófst hér á landi þróun á
ræktunardúk af frumkvæði Plastprents hf. í
samvinnu við Iðnhönnunarstofu Guðmundar
Einarssonar (IHGE). Grunnhugmyndin var
sú að leita leiða til að nýta plastafskurð, sem
fellur til í verksmiðjunni. Í samvinnu við
Skógrækt ríkisins hannaði IHGE
ræktunardúk sem hefur fengið nafnið
Hlúplast.

Hlúplastið er grænt á lit, með merkingum
um millibil fyrir plönturnar og úr niður-
brjótanlegu plasti sem hverfur með tíman-
um. Þannig er það mjög heppilegt til
notkunar í hverskyns ræktun, þar sem
nauðsynlegt er að halda illgresi í skefjum.



Ert þú áskrifandi að Skógræktarritinu?

Fyrir aðeins kr. 1.500 færð þú sent heim veglegt rit
með fjölbreyttum fróðleik sem fjallar um
skógrækt og uppgræðslu lands.
Um leið styrkir þú áhugamannasamtök
sem vinna að ræktun landsins.



Auk þess er hægt að fá keypt rit
árin 1930–1997 á kr. 15.000 (+póstburðargjald) (hluti ljósrit)
árin 1987–1997 á kr. 8.000
árin 1993–1997 á kr. 5.000

Hafðu samband í síma: 551-8150, fax: 562-7131
eða netfang: skogis.fel@isholf.is

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Áskriftarsími er: 551-8150


BARRI HF
SKÓGRÆKTARSTÖÐ
LEIUSSTÖÐUM

Skógarplöntur í fjölpottum:

- Íslenskt birkir - Vörtubirkir -
- Blágræni - Sítikagreni -
- Rússalerki - Stafafura -
- Sítkaölur - Loðvíðir -
- Gulvíðir - o.fl. teg.

Gróðursetningaverkfæri:

- Gróðursetningastafir -
- Gróðursetningarör -
- Fjölpottabelti -

Tekið við pöntunum í síma
471-2370 & 471-2371
Fax 471-2376

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins og óska landsmönnum gleðilegs sumars:

G K heildverslun
Beyki hf
Björgun hf
Verkfræðistofa Jóns B Hafsteins
Þín Verslun Straumnesi
Rafmagnsveitur ríkisins
Apótek Grafarvogs
Nesbrú ehf
Ferðamiðstöð Austurlands hf
Lindin, kristið útvarp Fm:102,9
Bændasamtök Íslands
Skógrækt með Skeljungu
Ökuskóli S.G. sf
Gagnaeyðing hf
Hugver
Laugardalshreppur
Tak hf
Tiffanys Gler Studió
Eggert Kristjánsson hf
Menntaskólinn á Laugarvatni
Hegas hf
Dominos pizza ehf
Coopers & Lybrand Hagvangur hf
Byggt og flutt
Þórshafnarhreppur
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf
Hitaveita Dalvíkur
Engilbert Ó H Snorrason
Heimsklúbbur Ingólfs Prima Travel
Tónspil
Öxnadalshreppur
Íslenskir aðalverktakar
Hitaveita Suðurnesja
Sprettur ehf
Borgarbyggð
Glerslípun Akraness hf
Siglufjarðarkaupstaður
Hótel Kirkjubæjarklaustur
Skaftárhreppur
Húsavíkurkaupstaður
Rafveita Hafnarfjarðar
Kaupsel hf
Hópbílar hf
Haraldur Böðvarsson hf
Oliufélagið hf Esso
Ísmar hf
Heilbrigðiseftirlit Vestmannaeyja
Korri útgerðafélag Verubúð Suðurlands
Verkfræðistofa Suðurnesja hf
Vistheimilið Gunnarsholti
Byggðasafn Árnesinga
Skeiðahreppur
Sparisjóður Bolungarvíkur
Kaupfélag Vestur-Húnavatnings
Kaupfélag Vopnfirðinga
Vogabær ehf
Vestmannaeyjabær
Trésmiðjan Akur

HEILSUSTAFURIINN

NÝ UPPFINNING Í SKÓGRÆKT

Á vettvangi skógræktarfélaganna eru alltaf að koma fram nýjar og ferskar hugmyndir, sem eiga að gera skógræktar- og uppgræðslustarfið auðveldara og árangursríkara. Skógræktarfélag Rangæinga er að þróa hentugt tæki til þess að bera á trjáplöntur og sá lúpinu. Tækið er göngustafur, sem gefur áburðar- eða fræskammtinn þegar hann snertir jörðina. Stafurinn er holur að innan og honum fylgir léttur poki,


sem hægt er að leggja yfir öxlina. Í pokaum er hægt að geyma áburð eða fræ. Búið er að nota frumgerð stafsins með ágætum árangri og er þróunarvinna langt komin. Því er stefnt að því að koma tækinu á almennan markað innan tíðar. Hefur komið fram sú hugmynd að nefna tækið „Heilsustafurinn“.

Markús Runólfsson,

form. Skógræktarfélags Rangæinga



Markús Runólfsson ber á trjáplöntur með Heilsustafnum í Bolholti á Rangárvöllum. Hér sést vel hvernig stafurinn virkar.



Heilsustafurinn skammtar hæfilegt magn áburðar með hverri trjáplöntu. Hér sést búnaðurinn sem það gerir.

Plöntustafir

Erum að byrja framleiðslu á rústfríum plöntustöfum með skiptanlegum hólum, (áður plöntustafir Einars Jóhannessonar, Blöndósi)

Stærðir og gerðir verða þær sömu og áður var en ef einhverjar óskir um breytingar verða, erum við að sjálfsöfðu tilbúnir að skoða þær.

Léttitækni ehf
Efstubraut 2,
540 Blöndósi.

Sími 452 4442, fax 452 4330.
Bíldshöfða 18, 112 Reykjavík, sími 567 6955.

VELUNNARI SKÓGRÆKTAR- FÉLAGS ÍSLANDS

Í vetur styrkti fyrirtækið Bræðurnir Ormsson hf. Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarfélag Reykjavíkur rausnarlega. Karl Eiríksson forstjóri fyrirtækisins hefur lengi verið velunnari skógræktarfélaganna og þökkum við kærlega veittan stuðning.

Karl er einnig liðtækur skógræktarmaður og hefur unnið afar merkilegt starf í skógrækt á jörðinni Stíflisdal í Kjós, en þar er að vaxa upp fallegur skógur við erfið skilyrði. Gefur starf hans þar því byr undir báða vængi að takast á við skógrækt á Mosfellsheiðinni.



Myndin er tekin þegar stjórn Skógræktarfélags Íslands heimsótti Karl á ræktunarsvæði hans í Stíflisdal. (Mynd: B.J).



Afgreiðsla

Kannt **pú** að meta
góða **afgreiðslu?**

Það er höfuðatriði í Stofni að veita viðskiptavinum alhliða váttryggingavernd, sérlagada að þörfum hvers og eins, á hagstæðum kjörum með afslætti og möguleika á endurgreiðslu.

Gangirðu í Stofn fyrir 1. júlí næstkomandi áttu kost á að fá endurgreiðslu 1. febrúar á næsta ári.

Nánari upplýsingar og ráðgjöf í síma 569 2500 eða hjá umboðsmönnum um land allt.



Endurgreiðsla



SJÓVÁ ALMENNAR

Traustur þáttur í tilverunni

SKÓGRÆKTARLÖND TIL SÖLU OG SUMARBÚSTAÐUR TIL LEIGU



Skógræktarfélag Rangæinga á jörð sem heitir Kotvöllur og er í utanverðri Fljótshlíð, ekki langt frá Hvalsvellu. Þar hefur félagið stundað umfangsmikla skógrækt undanfarin ár með ágætum árangri. Á Kotvelli eru nú til sölu nokkrar 4 ha landsspildur, sem eru ætlaðar til skógræktar. Leyfilegt er að byggja eitt sumarhús á hverri spildu. Skógræktarskilyrði eru ágæt á þessu svæði og er því kjörinn vettvangur fyrir áhugasamt ræktunarfólk.

Einnig er þar til leigu, til lengri eða skemmri tíma, lítið sumarhús fyrir ferðamenn og aðra. Sumarhúsið, sem er vel í sveit sett á Suðurlandi, er leigt út eftir samkomulagi. Það stendur sunnan við gamlan heimilisgarð í skjóli fyrir norðanátt og umhverfis það er að vaxa upp fallegur skógur.

Áhugasamir fá frekari upplýsingar í síma 487-8781.



Hjá Skógræktarfélagi Rangæinga eru til sölu skógræktarlóðir á Kotvelli í Fljótshlíð. (Mynd: B.J.)

GÆÐAMOLD í garðinn þinn Garðaúrganginn burt

Við færum þér
gæðamold og
flytjum garða-
úrganginn burt
í jarðvegsbanka.
Einfalt og
umfram allt
umhverfisvænt.

Upplýsingar
í síma 568 8555



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.

BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Súðarvogur 2, Pósthólf 4273, 124 Reykjavík

Sími 568 8555, Fax 568 8534

ÁRBÆKUR FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS EINSTÖK HEIMILDARIT UM LANDIÐ

Efni árbókanna nær til flestra landshluta. Þær eru fróðleg lesning fyrir Íslandsferðir og ómissandi ferðafélagi.

Árbókin í ár, 1998, er 71. Árbók Ferðafélagsins og nefnist hún fjallajarðir og Framafreittur Biskupstunga. Henni er ætlað að bregða ljósi á landsvæðið efst í Biskupstungum og ofan þeirra. Hún er 280 bls. að stærð og er höfundur hennar Gísli Sigurðsson blaðamaður.

Allir geta eignast bókina með því að gerast félagar í Ferðafélagi Íslands, en hún fylgir árgjaldi kr. 3.400. Einnig er hægt að fá bókina innbundna fyrir 500 kr. aukagjald. Eignist einnig eldri árbækurnar.

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS, MÖRKINNI 6, S. 568 2533, FAX 568 2535

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins og óska landsmönnum gleðilegs sumars:

Pingvallahreppur
Samtök sunnlenskra sveitafélaga
Ísafoldarprentsmiðja hf
Sparisjóður Suður-Pingeyinga
Búnaðarsamtök Vesturlands
Trésmiðjan Eik hf
Markaðskjúklingar ehf.
Félagsskaup
Langanes hf
Eyrarsparisjóður
Tjaldstæðið Kirkjubæ
Jóhannes Leifsson, Gullsmiður
Radióhúsið ehf
Bifreiðaverkstæði
Sigurðar R. Sigmundsson
Maxi Kropp fyrir allan gróður
Vöruval hf.
Holtabúðin
KOM Bókahaldsþjónusta
Reykjabúið hf

FJÖLBREYTT FÉLAGSSTARF

FARSÆLT SAMSTARF VIÐ BÚNAÐARBANKANN

Í vetur var undirritaður samstarfssamningur milli Skógræktarfélags Íslands og Búnaðarbanka Íslands um áframhaldandi átak í fræðslu og leiðbeiningamálum fyrir almenning. Helstu þættir þess voru kynntir lesendum *Laufblaðsins* með sérstökum fræðslubæklingi sem dreift var í ársbyrjun.

SKÓGARGÖNGUR Í EYJAFIRÐI

Skógræktarfélag Eyfirðinga stendur fyrir skógargöngum í sumar. Gengið verður með staðkunnugum leiðsögumönnum og fræðst um skóginn.

Fimmtudagurinn 18. júní kl. 20.30

- Þelamörk

Fimmtudagurinn 16. júlí kl. 20.30

- Vaðlareitur

Fimmtudagurinn 13. ágúst kl. 20.30

- Kjarnaskógur

FERÐ TIL AUSTURRÍKIS Í HAUST

Í haust er fyrirhuguð kynnisferð til Austurríkis, í samvinnu við Landssamband skógareigenda. Á þar að fylgja eftir vel heppnaðri ferð til Skotlands síðastliðið haust.

Ferðin til Austurríkis verður um mánaðamótin sept. - okt. og er flogið til München með millilendingu í Frankfurt. Þaðan er síðan ekið um austurrísku Alpana, aðallega um svæðið kringum Innsbruck og Salzburg.

Þarna er náttúrufegurð mikil og margt áhugavert að skoða. Farið verður upp í skógarmörk, en margar tegundir þáðan eiga ágæta möguleika á að spjara sig hérlandis. Einnig verða áhugaverðir staðir úr sögu og menningu Austurríkis skoðaðir og líklega endað í menningarborginni Salzburg. Með verða íslenskir leiðsögumenn og túlkar, ásamt Austurríkismönnum.

Ferðin er opin öllum og áhugasömum þátttakendum er bent á að hafa samband við Skógræktarfélag Íslands s: 551-8150/ 561-8150 til að nálgast frekari upplýsingar. Reynt verður að halda verði í lágmarki.

FERÐ Á STRANDIR Í SUMAR

Ævintýraferð á slóðir strandavíðisins dagana 17.-19. júlí í samvinnu við Ferðafélag Íslands.

Í sumar er fyrirhuguð ævintýraferð á slóðir strandavíðisins. Strandavíðirinn er algengur í ræktun hérlandis. Hann er upprunnin í Selárdal, sem er djúpur dalur inn af Steingrímsfirði og er ferðinni heitið þangað. Einnig verður strandavíðirinn í Tröllatungu skoðaður og rekaviðarbændur heimsóttir. Ferðin verður undir leiðsögn Jóhanns Björns Arngrímssonar form. Skógræktarfélags Strandasýslu.





Græðum landið fyrir framtíðina

Áburðarverksmiðjan býr að 40 ára reynslu og þekkingu í framleiðslu áburðar. Þar eru nú framleiddar 16 tegundir af tilbúnum áburði. Auk þess hefur verksmiðjan á boðstólum innfluttan áburð í úrvali.

Stuðlum að því að græða landið fyrir okkur og komandi kynslóðir.



ÁBURÐARVERKSMIÐJAN HF.



ARINHLEÐSLA

MÚRVÍÐGERÐIR

GLERVEGGJAHLEÐSLA

FLÍSALAGNIR



SIGURBJÖRN E. LOGASON
MÚRARAMEISTARI
Fannafold 66a • sími 567 6245

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

SKÓGARGÖNGUR HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Skógargöngurnar á höfuðborgarsvæðinu verða að þessu sinni helgaðar ræktunarsvæðum einstaklinga. Þessi svæði eru hluti af grænni umgjörð höfuðborgarsvæðisins. Verður viðkomandi ræktunarsvæði kynnt og gengið í nágrenninu.

28. maí

Ræktunarsvæði Hákonar Bjarnasonar við Hvaleyrarvatn
Skógræktarfélag Hafnarfjarðar

4. júní

Ræktunarsvæði Jóns í Skuld í Hafnarfirði
Skógræktarfélag Hafnarfjarðar

11. júní

Ræktunarsvæði Þorbjörn Sigurgeirssonar, Björns Þorsteinssonar, Brodda Jóhannessonar og Marteins Björnssonar í Kapelluhrauni
Skógræktarfélag Hafnarfjarðar

18. júní

Trjálundur Kvenfélags Garðabæjar í Engidal við Álfanesveg og ræktunarsvæði Sigurðar Þorkelssonar á Garðaholti
Skógræktarfélag Garðabæjar

25. júní

Ræktunarsvæði Guðmundar M. Jónssonar við Vatnsenda
Skógræktarfélag Kópavogs

2. júlí

Ræktunarsvæði Sveinbjarnar Jónssonar í Elliðaárdal
Skógræktarfélag Reykjavíkur

9. júlí

Ræktunarsvæði Hermanns Jónssonar í Fossvogi
Skógræktarfélag Reykjavíkur

16. júlí

Ræktunarsvæði Vilhjálms Lúðvíkssonar við Hafravatn
Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

23. júlí

Ræktunarsvæði meðfram Varmá
Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

30. júlí

Ræktunarsvæði í Mosfellsdal, Laugarnesskóli og Grásteinar
Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

Göngurnar hefjast kl. 20.30 og taka um tvo tíma. Þetta eru léttar göngur við allra hæfi. Þátttakendur koma sér sjálfir á upphafsstað eða nota rútuferðir frá húsi Ferðafélagsins, Mörkinni 6 kl. 20.00. Upphafsstaðir verða kynntir jafnóðum með fréttatilkynningum.



Skógargöngur í Borgarfirði í sumar

Samstarf Ungmennasambands Borgarfjarðar og Skógræktarfélags Borgarfjarðar á afmælisári

Í sumar munu Ungmennasamband Borgarfjarðar og Skógræktarfélag Borgarfjarðar gangast fyrir skógargöngum í héraðinu, í samvinnu við Skógrækt ríkisins. Þetta er liður í afmælisfagnaði Skógræktarfélags Borgarfjarðar, en félagið er 60 ára í ár.

Gengið verður á eftirtöldum stöðum undir leiðsögn þar sem fjallað verður um skóginn, náttúrufer, sögu og örnefni.

18. júní Kvöldganga á Mýrum (nánar auglýst síðar)

02. júlí Skógarganga í Vatnaskógi

16. júlí Skógarganga um Vatnshornshlíð, frá Haga í Skorradal

30. júlí Skógarganga í Einkunnum, ofan Borgarness, ekið hjá hesthúsabyggð

13. ágúst Skógarganga í Danielslundu í Svignaskarði

27. ágúst Kvöldganga í Hvítársíðu (nánar auglýst síðar)

10. sept. Skógarganga í Grafarkoti í Stafholtstungum

24. sept. Skógarganga á Stálpastöðum í Skorradal

Skógargöngurnar hefjast allar kl. 20.30, taka um 2 tíma og eru við allra hæfi.

Þetta er kjörinn vettvangur fyrir íbúa héraðsins, svo og alla þá sem dveljast í Borgarfirðinum í sumar til að kynna áhugaverðum stöðum og fræðast um skógrækt. Hvetjum við sem flesta til að koma í fróðlegan og hressandi göngutúr. Göngurnar verða nánar kynntar með fréttatilkynningum. Taki menn þátt í öllum göngunum fá þeir Skógræktarbókina að launum.





LÉTTU ÞÉR STÖRFIN

GARÐAPLAST

Garðaplast fæst í eftirtöldum litum og breiddum:
Hvitt - svart - glært.
1,4 m - 1,8 m - 2 m.
Eykur vöxt



GRÓÐURPOKAR

Svartir gróðurpokar fást í eftirtöldum stærðum:
1,5 - 2,5 - 3 lítra.



GRÆNMETISPOKAR

Áprentaðir grænmetispokar í 3 stærðum:
3 kg - 5 kg og 6 kg

NYTT
ÚTLIT



SORPPOKAR

Þessir svörtu og sterku. Ómissandi við alla garðhirðu og sorpsöfnun.



LATEX OG VINYL HANSKAR

Einnota hanskar. Ódýr og hreinleg lausn í moldina.



**VERSLIÐ HJÁ
YKKAR FÓLKI Í PLASTOS**

Plastos
Umbúðir hf.

*feti
framar*

Suðurhrauni 3 • 210 Garðabæ • Sími: 555-6500 • Fax: 555-6501

PLASTOS '98

Kjötmjöl

fyrir fallegri og betri gróður

Kjötmjöl Afurðasölnunnar í Borgarnesi hf. er lífrænn áburður og því mjög hentugur vegna mikils innihalds fosfórs sem styrkir rótarvöxt, köfnunarefni, kalks, magnesíums auk fjölda annara snefilefna.

Mjölíð leysist hægt upp og gefur þar með næringu í langan tíma.

Tilraunir Landgræðslu Ríkisins benda til að kjötmjölíð sé ákjósanlegur áburður til landgræðslu og uppbyggingar á gróðursnauðum svæðum.

Afurðasalan Borgarnesi hf. hefur ætíð haft það að leiðarljósi að fullnýta sem mest það hráefni er kemur til vinnslu. Með þróunarstarfi og tilraunum hefur góður árangur náðst á þessu sviði m.a. með framleiðslu á dýrafóðri, bæði í formi lýsis og mjöls.



**Kjötmjölíð hentar mjög vel
sem áburður fyrir tré, runna,
blóm og undir nýlað torf**

Hafið samband við sölumenn okkar
og fáið frekari upplýsingar

Borgarnes kjötvörur ehf. - S. 437-1190 - Fax 437-1093



KORTEN

Í uppfóstri hjá alaskalúpínu

Mikið hefur verið rætt og ritað um jurt þá er nefnist alaskalúpína, *Lupinus nootkatensis*. Menn hafa skipt sér í tvær fylkingar hvað varðar afstöðu til hennar. Við í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar þekkjum lúpínuna vel enda hefur hún verið á okkar athafnasvæði í hart nær 40 ár. Eftir að útländ bæjarins var girt af 1979 og þannig laust við sauðfjárbætur hefur lúpínan breiðst mjög út frá gömlu skógræktargirðingunum og sumarbústaðalöðunum á svæðinu. Í stað þess að ergja sig yfir þessari þróun, sem erfritt virðist að stöðva á eins örfoka landi og hér er um að ræða, höfum við í sívaxandi mæli notfært okkur það gagn sem hafa má af lúpínunni. Ég ætla ekki að fjölyrða um jarðvegsmyndun og niturnám lúpínu, sem svo mikið hefur verið rætt og ritað um, en er vissulega ástæðan fyrir gagnsemi lúpínnar í trjáræktinni.

Á seinni árum höfum við stórukið gróðursetningu trjáplantna beint í lúpínu-breiðurnar, án nokkurrar áburðargjafar, með góðum árangri. Jafnframt höfum við aukið uppeldi heppilegra tegunda í gróðrarstöð félagsins. Þær tegundir trjáa og runna sem við höfum plantað í lúpínu og hafa reynst afbragðs vel eru ýmsar víðitegundir, alaskaösp, reynivíður, heggur, sitkagreni, blágreni, hvítgreni og sitkaölur. Hvað varðar birki, furu og lerkitegundir er árangurinn ekki eins afgerandi og jafnvel lakur.

Varast ber að lúpínan kæfi smáar plöntur og reynslan hefur kennt okkur að nota nógu stórar plöntur í þessum tilgangi þannig að þær kiki upp úr lúpínustóðinu. Þetta er mikilvægt þegar um ljóselskar tegundir er að ræða eins og víði. Hinsvegar geta tegundir eins og greni vaxið upp í ótrúlega miklum skugga og plöntur sem jafnvel höfðu verið taldar af og gleymdar komið í ljós einhverjum árum eftir gróðursetningu þar sem þær höfðu verið á kafi í lúpínu. Þegar trjáplönturnar stækka og krónurnar vaxa saman gisnar lúpínan smám saman

enda í eðli sínu mjög ljóselsk tegund. Aðrar skuggþolnari plöntur taka þá við í skógarbotninum.

Ég hvet skógræktarfolk til að notfæra sér lúpínuna, þar sem hún er til staðar, til uppfósturs trjáa og spara sér þannig vinnu og peninga við áburðargjöf. Ég vil í lokin taka það skýrt fram að hér er ekki um vísindalegar tilraunir að ræða heldur aðeins athuganir undirritaðs í starfi hans hvað varðar skógrækt og landgræðslu.

Steinar Björgvinsson,
Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar.



Tilbrigði alaskalúpínu með óvenjulegan blómlit.
Ljós.: Steinar Björgvinsson.

Hressir krakkar á Eskifirði

Krakkarnir í 3. bekk grunnskólans á Eskifirði voru að læra um trjágróður hjá Ásdísi Orradóttur kennara, þegar þau sömdu meðfylgjandi ljóð. Einnig söfnuðu þau birkifræi, sömdu trjábók og fóstruðu upp tré í skólastofunni. Höfundar ljóðsins eru fæddir árið 1988 og heita Axel, Birkir, Birta, Eggert, Friðbergur, Gísli, Guðmundur, Herdís, Kári, Magnús, Rebekka, Sindri, Steingrímur, Stefán og Sunna.

Tré.
Grenitré.
Tré eru lifandi.
Tré þurfa mold.
Sum tré eru löng.
Sum tré eru dauð.
Sum tré eru eplatré.
Sum tré eru með perum.
Sum tré eru með berjum á.
Öll tré hafa lauf.
Öll tré hafa rætur.
Sum tré eru falleg.
Öll tré hafa greinar.
Öll tré eru með topp.
Tré þurfa hrossaskít.
Tré þurfa vatn og áburð.
Sum tré eru með paprikum.
Öll tré þurfa sólskin og birtu.
Sum tré eru þung.
Önnur tré eru létt.
Grenitré hafa nálar.
Sum tré hafa köngla.
Sum tré eru með ólífum.
Pálmatré hafa kókoshnetur.
Sum tré eru stór og önnur eru lítil.
Sum tré eru felld og söguð niður í spýtur.

Tré.
Tré.
Tré.

mold mold mold mold mold mold mold mold



GUÐMUNDUR Í BYKO FÆRIR SKÓGRÆKTARFÉLAGI KÓPAVOGS STÓRGJÖF

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu
blaðsins og óska landsmönnum
gleðilegs sumars:

Guðmundur H. Jónsson, fyrrverandi forstjóri BYKO, afhenti í vor Skógræktarfélagi Kópavogs skógræktarsvæði sitt í Vatnsendalandi til eignar. Landspilda þessi er vaxin fallegum skógi sem Guðmundur hefur ræktað af eljusemi, alls um 6,5 ha að stærð og fylgir sumarhús þessari höfðinglegu gjöf.

Svæðið er hluti af stærra skógræktarsvæði í Vatnsendalandi, sem skógræktarfélagið hefur gert samning um við Kópavogsbæ og Magnús Hjaltested bónda á Vatnsenda, alls 100 hektara sem búið er að planta í að mestu. Þarna eru bæði Yrkju- og Landgræðsluskógasvæði, ásamt land-nemaspildum. Vatnsendasvæðið er nærri Heiðmörk og er því í „Græna treflinum“ umhverfi höfuðborgarsvæðisins og hluti af ræktunarsvæði Skógræktarfélags Kópavogs og fyrirhuguðu útivistarsvæði Kópavogsbæjar.

Spilda Guðmundar er í um 120 m hæð yfir sjó og var algert berangur þegar ræktunin hófst, í norðvesturhorni svæðisins árið 1967. Þar gróðursetti hann viðjuskjólbelti, stafafuru og greni, auk nokkurra birkitrjáa. Árið 1970 var svæðið stækkað til austurs og suðurs og ræktun haldið áfram af miklum krafti og áhuga.

Guðmundur fylgist af athygli með vexti og þrífum hinna ýmsu kvæma og klóna og telur að sitkagreni af Homer kvæmi henti best svo hátt yfir sjó. Sá klón af Alaskaösp sem hefur reynst best kallar Guðmundur „Kóng“. Hann er ekki viss um að það sé sami klón og „Keisari“ en margt bendir til þess. Móðurplönturnar voru fengnar hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Guðmundur hefur ásamt annari ræktun alla tíð stundað uppeldi á plöntum á svæðinu. Í uppeldisreitum eru meðal annars plöntur, sem ræktaðar eru af fræi sem safnað var af elstu sitkatrjám á staðnum. Þess má geta að hæstu trén á svæðinu eru orðin yfir 6 metrar á hæð.

Frumherjastarf Guðmundar á Vatnsendaheiðinni hefur orðið mörgum góð hvatning um hvað hægt er að gera í skógrækt með miklum áhuga og eljusemi.

Við í Skógræktarfélagi Kópavogs færum Guðmundi H. Jónsyni og fjölskyldu hans



Guðmundur H. Jónsson leiðir gesti um skóginn í Vatnsendalandi. (Mynd: B.J.)

okkar bestu þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf, sem á eftir að verða félaginu mikil lyftistöng í framtíðinni.

Sigríður Jóhannsdóttir, formaður og
Arnór Snorrason, stjórnarmaður í
Skógræktarfélagi Kópavogs

Ístak

Garðyrkjuskóli ríkisins
Kaupfélag Skagfirðinga
Leikskólinn Barnaból
Trésmiðjan Kjölur hf.
Stokkseyrarhreppur
Blómabúðin Iðna Lísu
Gámakó

Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu

Skinney hf.

Stykkishólmsbær

Kirkjubæjarskóli

Ísfélag Vestmannaeyja

Búnaðarsamband Suðurlands

Vélsmiðja Guðmundar

Glerárlaus

Garðabær

Landsbanki Íslands

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis

Oliuverslun Íslands

Lögmannsstofan Barónsstíg 5



KRAFTMIKIL, LÉTT
OG GANGVISS VERKFÆRI.

Í fararbroddi í 70 ár

KEÐJUSAGIR,

HEKKKLIPPUR, LAUFSUGUR,
STAUROBORAR, SLÁTTUORF,
STEINSAGIR.



Þýsk gæðavara
með umhverfis-
þáttinn og öryggið
í öndvegi.
Góð varahluta-
og viðgerða-
þjónusta.

RÁÐGJÖF
SÉRFRÆÐINGA
UM GÁRD-
OG GRÓÐURRÆKT



GRÓÐURVÖRUR
VERSLUN SÖLUFÉLAGS GARÐYRKJUMANNA
Smíðjuvegi 5, Kópavogi, sími: 554 3211

SKÓGRÆKTAR- FÉLAG EYFIRÐINGA GERIR UMSJÓNAR- SAMNING VIÐ AKUREYRARBÆ



Mynd (JGP): Kjarnaskógur er afar fjölsótt útivistarsvæði.

Í vor var undirritaður samstarfssamningur milli Skógræktarfélags Eyfirðinga og Akureyrarbæjar. Með honum er félaginu falin umsjón útivistarsvæða og ræktunarlanda bæjarins til næstu 20 ára.

Skógrækt og uppbygging útivistarsvæða í skóginum eru langtímaverkefni. Því er afar mikilvægt að þeir, sem að því standa geti gert áætlanir til langs tíma. Samningur eins og þessi er því ákaflega gott fordæmi fyrir önnur skógræktar- og sveitarfélög sem vinna að ræktun og uppbyggingu útivistarsvæða.

Ný sending * glæsilegt úrval




Nýjar gerðir af gosbrunnum, úti og inni, stytum, dælum og ljósum, garðdvergum, fuglum o.fl. til garðskreytinga

Vörufell hf.
v/Suðurlandsveg, Hellu
sími 487 5470

*Opið 10–18
laugardaga 10–17*

Ný glæsileg bók



Garðurinn
Hugmyndir að skipulagi og efnisvali

340 litmyndir
80 skýringamyndir
fjöldi garðteikninga

Bókin um garðinn

Fyrsta íslenska bókin sem fjallar einkum um hönnun garðsins, fjölbreytni í skipulagi og efnisvali. Vegleg bók. 208 síður.

Sendum hvert sem er gegn póstkrofu

Garðyrkjufélag Íslands
Frakkastigur 9, 101. Reykjavík, sími og fax 552 7721

Hratt og örugglega



Það tekur aðeins **einn virkan dag**
að koma póstinum þínum til skila


PÓSTURINN
með kveðju

Fagmenn nota Felco

Svissnesku greinaklippurnar kosta nú frá 2.191-



4.184-

Felco 2
Lengd 21,5 sm
Þyngd 240 gr



3.415-

Felco 4
Lengd 21 sm
Þyngd 220 gr



2.191-

Felco 5
Lengd 22,5 sm
Þyngd 310 gr



5.372-

Felco 7
Lengd 21 sm
Þyngd 290 gr

FELCO®

Það eru tæp fimmtíu ár frá því að Felco klippur komu fyrst á markaðinn. Felco er tákni gæða og endingar í meira en áttatíu löndum, þar sem fagmenn kunna að meta það besta. **Eignastu Felco – til framtíðar.**

ELLINGSEN

Grandagarði 2, Rvík, sími 552-8855, grænt númer 800-6288

HVAMMSMÖRK Í HVALFIRÐI

Ræktunarsvæði

Skógræktarfélags Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur

Hitaveita Reykjavíkur keypti jarðirnar Hvamm og Hvammsvík í Kjósarhreppi árið 1996. Jarðirnar eru um 600 ha að stærð og ná frá sjó í innanverðum Hvalfirði og upp í rúmlega 400 m.y.s. á Reynivallahálsi. Hluta jarðanna á að leggja undir skógrækt og mun Skógræktarfélag Reykjavíkur annast hana samkvæmt sérstöku samkomulagi sem undirritað var í vetur. Svæðinu er ætlað að verða alhliða útivistarsvæði.

Úthlutað verður svokölluðum landnema-spildum, sem eru ætlaðar einstaklingum, fyrirtækjum og félögum. Þar verður hægt að vinna að uppgræðslu og skógrækt í sjálf-boðavinnu á komandi árum. Úthlutun spildnanna er í höndum Skógræktarfélags Reykjavíkur og er hægt að fá nánari upplýsingar í síma 564-1770.

Gerð hefur verið ýtarleg náttúrufarskönnun og landnýtingaráætlun af svæðinu. Hefur fyrirtækið Landsmótun ehf. séð um það, en sérfróðir aðilar á sviði jarðfræði, fornleifafræði, grasfræði, fuglafræði, jarðfræði og skógfræði, svo eitthvað sé nefnt, verið fengnir til ráðgjafar.



Fyrsta tréð gróðursett á Hvammsmörk. Það gerðu Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri, Alfreð Þorsteinsson form. veitustofnana, Ásgeir Svanbergsson ráðsmaður Skógræktarfélags Reykjavíkur og Ólafur Sigurðsson form. Skógræktarfélags Reykjavíkur. (Ljós. Jóh. Long)

SKÓGARHANDVERK Í STYKKISHÓLM



Nemendur við Grunnskólann í Stykkishólmi hafa á síðustu árum verið að smíða ýmsa smáhluti úr birki. Þetta hafa verið mest smáhlutir eins og lampar, skátaausur, klukkur, plattar, pennastandar, sveppir, bréfahnífar, smjörhnífar, nælur og hálsmen. Oftar en ekki hefur efniviðurinn verið sóttur af nemendum grunnskólans í skógræktargirðingar Skógræktarfélags Stykkishólms ellegar þegar umfangsmeiri verk hafa verið á döfinni hefur efnið verið sótt norður í Vaglakóg.

Nemendurnir hafa unnið talsvert úr birkirót. Birkiróti hentar vel til smíða og þá sérstaklega á ýmsum smáhlutum renndum sem órenndum eins og brjóstnælum, hálsmenum, eyrnalokkum, pennum og hnífsköftum svo eitthvað sé nefnt.

Birkirótina höfum við fengið frá Skógrækt ríkisins á Vöglum í Fnjóskadal og hefur hún verið mjög vel þurrkuð og tilreidd. Efnið er mjög auðvelt í allri vinnslu, er mjúkt og tekur vel öllum eggverkfærum. Eini ókosturinn er að það þarf nokkuð stóra bandsög til að saga niður ræturnar áður en í frekari vinnslu er ráðist.

Birkiróti sem slík getur verið mjög gömul jafnvel svo skipti hundruðum ára. Bæði hár aldur rótarinnar, mismunandi umhverfi og aðrir umhverfispættir eins og mismikill mosagróður á neðanverðum stofni trésins og mýrarjarðvegur gera það að verkum að róti er oft æði skrautleg ásýndum þegar búið er að saga hana niður. Þetta skraut eða flúr og margbreytilegir litir



Fallegar barmnælur úr birkirót.

gefa rótni skemmtilegt yfirbragð í smáhlutum eins og skartgripum.

Yfirborðsmeðferð á smíðisgripum úr birkirót hefur mest verið með efnum eins og olíu og býflugnavaxi. Smíðisgripirnir hafa verið þússaðir áður með mismunandi grófum sandpappír allt niður í nr. 380 að grófleika áður en olían hefur verið borin á. Þá er notaður sandpappír nr. 800 og með bývaxinu er sandpappír nr. 1200 notaður. Að lokum er nuddað vel yfir með mjúkum pappír.

Trausti Tryggvason

formaður Skógræktarfélags Stykkishólms



ÍSÓL

VÆNTANLEG ÁRBÓK LANDGRÆÐSLU RÍKISINS

Árbók Landgræðslu ríkisins kemur út í 6. sinn þann 17. júní n.k. Sá dagur er þjóðhátíðardagur Íslendinga og jafnframt er hann Alþjóðlegi jarðvegsdagurinn.

Landgræðsla ríkisins hefur kappkostað að koma á framfæri sem víðast, þeirri þekkingu sem áunnist hefur í starfi hennar. Landgræðslan hefur því staðið að útgáfu margvíslegs fræðsluefnis á undanfönum árum.

Árbókinni er ætlað að koma á framfæri sem víðtækustum upplýsingum um landgræðslu til þeirra fjölmörgu er landgræðslu stunda eða hafa hug á að leggja hönd á plóg. Meginþema þessarar nýju Árbókar er „sandur“ og fjalla 3 greinar um það efni. Einnig er fjallað ýtarlega um gróðurframvindu og landnýtingu, sem og viðhorf til gróðurverndarmála og jarðvegseyðingar.

Þetta er mjög áhugaverð og eiguleg bók fyrir alla þá sem landinu unna. Þeir sem hafa hug á að eignast bókina eða vilja frekari upplýsingar er velkomið að hringja í Landgræðsluna í Gunnarsholti, s. 487 5500



VIÐURKENNING REYKJAVÍKURBORGAR FYRIR VEL UNNIN SKÓGRÆKTARSTÖRF

Þegar Hvammsmörk var formlega tekin í notkun, heiðraði borgarstjórinn í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fjóra einstaklinga fyrir mikið og gott framlag til skógræktarmála. Þeir sem hlutu viðurkenningu voru; Hulda Valtýsdóttir, formaður Skógræktarfélags Íslands, fyrir störf í þágu skógræktar á höfuðborgarsvæðinu, Þorvaldur S. Þorvaldsson, arkitekt og fyrrverandi formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, fyrir forgöngu í að útvega einstaklingum land til skógræktar, Guðrún Þórsdóttir, kennsluráðgjafi í Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, fyrir frumkvöðulsstarf í eflingu og fræðslu um skógrækt í grunnskólum borgarinnar, auk þess að vera höfundur skólaskóga Reykjavíkur, Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri og fyrrv. formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, fyrir ötult starf í þágu skógræktar á höfuðborgarsvæðinu.



Á myndinni eru Ólafur Sigurðsson, form. Skógræktarfélags Reykjavíkur, Alfred Þorsteinsson, form. veitustofnana, Jón Birgir Jónsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri, Hulda Valtýsdóttir, Þorvaldur S. Þorvaldsson og Guðrún Þórsdóttir. (Ljósm.: Jóh. Long)




Túngirðingarnet

Girðingarefni í úrvali

Túngirðingarnet, staurar, gaddavír og rafgirðingarefni og allt í rafgirðinguna

ÚRVAL GÆÐI HAGSTÆTT VERÐ





Hotline rafgirðingarspennar

Staurar fyrir allar girðingar

Við leggjum **rækt** við ykkar **hag**

MR búðin • Laugavegi 164

Símar: 551 1125 • 552 4355 • Fax: 552 4339




GARÐURINN OG SUMARVINNAN

Petta eru vandaðir
og slitsterkir vinnuvettlingar

Vinnuvettlingar
til allra handa
K.Richter hf heildverslun
Sími 565 9000

SAHARA

VINNUVETTlingar



ÍSLENSKIR
OSTAR
HREINASTA
AFRAGD




www.ostur.is

TVÖFALDUR

VÖXTUR TRJÁPLANTNA

MEÐ HLÚPLASTI



Ótvíræður árangur

Hlúplast ræktunardúkurinn er þróaður í samvinnu við Skógrækt ríkisins.

Niðurstöður mælinga Skógræktarinnar sýna ótvírætt framá gildi Hlúplast dúksins við ræktun trjáplanta. Vaxtarhraði trjáplantanna tvöfaldaðist á sex ára tímabili.



Hlúplast ræktunardúkurinn er fyrirbyggjandi í tveimur lengdum, 25m og 50m fyrir tómstundaræktun og 500m til vélrænnar niðursetningar.

Útsölastaðir:
Byggingavöruverslanir og
gróðrarstöðvar um land allt.



Plastprent hf.

Fosshálsi 17-25
110 Reykjavík
Sími: 587 5600
Fax: 567 3812